

Ár 2014, mánudaginn 23. Júní, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 28/2013

X

gegn

Z

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

#### I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 25. nóvember 2013 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þessa að kærði (Z) hafi gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina ZZ við rakkann XX þar sem tíkin var orðin of gömul fyrir fyrsta got. Kæran var send kærða til umsagnar með bréfi dagsettu 4. desember 2013 og honum gefinn andmælafrestur til 2. janúar 2014. Kærði svaraði með bréfi dagsettu 4. janúar og var afrit af því sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Þar eð siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu væru fram komin ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 2. nóvember 2013 var tíkin ZZ pöruð við rakkann XX hinn 27. júní 2013. Hundarnir eru af kyninu Ungversk Vizsla og er tíkin í eigu kærða. Við pörunina var tíkin 8 ára gömul og pöruð í fyrsta sinn. Telur kærandi að við pörunina hafi kærði gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tik fyrsta sinni eftir 7 ára aldur. Kærði andmælti kærinni á grundvelli þess að hann hafi rætt við félagsmenn, ræktendur innan HRFÍ og dýralækna og enginn hafi upplýst um að þetta væri brot. Hann hafi að auki látið heilbrigðisskoða tíkina og mjaðmamyndað og fengið þá umsögn dýralæknis að tíkin væri í flottu formi. Þá telur kærði það vera furðulegt að ekki sé tekið mið af hverri tegund fyrir sig við ákvörðun þessarar reglu því að tegundir eru eins misjafnar og þær eru margar og þessi hundategund er langlíf og ber sig vel alla jafna langt fram eftir aldri.

#### III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn í ræktunarstarfi sínu hafa í heiðri góða ræktunarsíði og vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og í grein 3.5. segir:

„ Ef tók er pöruð eftir 7 ára aldur skal fylgja pörunarvottorði vottorð frá dýralækni, sem vottar að tókin hafi verið í líkamlega góðu ástandi fyrir pörun og geti gengið með hvolpa og alið önn fyrir þeim án þess að það komi niður á heilsu hennar. Þara ekki tók sem er orð in 7 ára gömul hafi hún ekki átt hvolpa áður.“

Óumdeilt er að við pörun tíkarinnar, sem var hennar fyrsta pörun, var hún orðin 7 ára gömul og einu ári betur. Það er því ljóst að kærði hefur gerst brotlegur við grein 3.5. í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ. Siðanefnd bendir á að reglurnar eru settar með velferð og heilbrigði hundanna að leiðarljósi og það er ekki tilviljun hvar aldursmörk og önnur viðmið eru sett. Getur siðanefnd ekki fallist á það að einstakar tegundir séu undanþegnar þessari reglu þó svo þær teljist vera langlífari en aðrar. Er það að mati siðanefndar algjör grundvallarregla að ræktendur kynni sér reglurnar vel áður en pörun er fyrirhuguð. Til allra heilla kom það ekki niður á tókinni heilsufarslega að hún var pöruð fyrsta sinni 8 ára gömul, en það gat kærði ekki séð fyrir.

Þar eð kærði hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotlegur við reglur félagsins þá telur siðanefnd hæfilega refsingu vera áminningu.

#### IV. Niðurstaða.

Kærði Z telst hafa gerst brotlegur við grein 3.5. í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærði er áminntur.

---

Anna María Flygenring

---

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

---

Kristín Sveinbjarnardóttir